

Hönnun opinna rannsóknarmenningar

Niðurstöður rannsókna um opin aðgang
og hvernig við getum hugsanlega nýtt þær
til að auka umræðu og gegnsæi
í rannsóknarmenningu Íslendinga

Málþing Vísindafélags Íslands um opin aðgang

15. nóvember 2019, Þjóðminjasafnið



© [Sigurbjörg Jóhannesdóttir](#)

Þessar glærur (texti og myndir) eru gefnar út með afnotaleyfinu [CC BY 4.0](#) frá Creative Commons. Það þýðir að hver sem er má endurnýta þær að hluta til eða alveg, breyta, dreifa, textagreina og búa til afleidd verk í hvaða miðli sem er. Skilyrðin eru að upprunalegs höfundar sé getið og að um sé að ræða skapandi vinnu sem eykur þekkingarlegt verðmæti glæranna.



Nokkrar staðreyndir

Eftir 25 ára alþjóðlega baráttu fyrir opnum aðgangi eru aðeins í kringum **28%** heildartexta útgefinna fræðigreina birtir löglega á Internetinu.

Piwowar o.fl. (2018). The state of OA: a large-scale analysis of the prevalence and impact of OA articles <https://doi.org/10.7717/peerj.4375>

Heildartextar **1/3** útgefinna fræðigreina, eftir íslenska höfunda árið 2013, var hægt að finna á Internetinu.

Sólveig Þorsteinsdóttir. (2014). OA to research articles published in Iceland in 2013. ScieCom Info, 10(1).

1/3 fræðimanna sem svaraði spurningakönnun í Háskólanum í Reykjavík árið 2014 sagði að þeir hefðu birt fræðigreinar sínar í opnum aðgangi. Þegar nánar var að gáð þá voru flestir að setja efnið á eigin vef og nokkrir á samfélagsmiðla. Slíkt aðgengi er ekki tryggt nema í stuttan tíma. Fræðimennirnir voru fæstir meðvitaðir um höfundarétt, afnotaleyfi og reglur útgefenda um birtingar.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir. (2015). OA að rannsóknum: tækifæri og áskoranir fyrir háskólasamfélagið á Íslandi.



Í dag

- Hvernig ég nota hugtökin opinn aðgang og ókeypis aðgang sem segja til um rétt notandans til að nota efnið
- Um miðilinn sem höfundur velur til að koma efninu sínu á framfæri og hvort felist kostnaður í þeirri miðlun fyrir hann og notendur efnisins, ásamt höfundarétti/afnotaleyfi þess.
- Nokkrar valdar niðurstöður úr rannsókn um opinn aðgang frá árinu 2014 þar sem fræðimenn svöruðu spurningalista ásamt greiningu á útgáfu fræðigreina þeirra árið 2013, þar sem skoðaðar voru reglur útgefenda varðandi hvort að fræðimennirnir mættu birta greinarnar í ókeypis- eða opnum aðgangi í **sjálfsvarðveislu-/grænu leiðinni**.
- Um opna rannsóknarmenningu og hvað stendur hugsanlega í vegi fyrir því að við náum að þróa slíka menningu hér á landi.

Segja til um hver réttur notandans er til að nota efnið

Opinn aðgangur (Libre OA)

- Ókeypis fyrir lesendur
- Með opnu afnotaleyfi
 - t.d. leyfum frá Creative Commons
 - CC BY 4.0
 - CC BY-SA 4.0

Ókeypis aðgangur (Gratis OA)

- Ókeypis fyrir lesendur
- Með hefðbundnum höfundarétti
 - ©
- eða takmörkuðu afnotaleyfi
 - t.d. leyfum frá Creative Commons
 - CC BY-NC 4.0
 - CC BY-NC-SA 4.0
 - CC BY-NC-ND 4.0
- eða sértæku útgefendaleyfi

Miðillinn sem höfundur velur til að koma efninu sínu á framfæri

Í tímaritum

Platínu-/Demantaleiðin í opnu tímariti

- Ókeypis fyrir höfunda
- Ókeypis fyrir lesendur
- Höfundur heldur höfundaréttinum
- Með opnu afnotaleyfi, oftast CC BY eða CC BY-SA

Gullna leiðin í opnu- eða blönduðu tímariti (hybrid)

- Birtingargjald sem höfundar greiða (APC/article processing charge)
- Ókeypis fyrir lesendur
- Höfundur heldur höfundaréttinum
- Með opnu afnotaleyfi, oftast CC BY eða CC BY-SA

Áskriftarleiðin í áskriftartímariti (toll-access)

- Ókeypis fyrir höfunda
- Lesendur greiða áskriftargjald fyrir tímaritið, kaupa eða greiða fyrir tímabundinn aðgang að stökum greinum
- Höfundar afsala sér höfundaréttinum
- Með leyfi útgefenda



Í varðveislusöfnum

Græna leiðin / Sjálfvarðveisluleiðin

- Ókeypis fyrir höfunda
- Ókeypis fyrir lesendur
- Í opnum- eða ókeypis aðgangi
 - Með opnu afnotaleyfi
 - t.d. leyfum frá Creative Commons
 - CC BY 4.0
 - CC BY-SA 4.0
 - eða takmörkuðu afnotaleyfi
 - t.d. leyfum frá Creative Commons
 - CC BY-NC 4.0
 - CC BY-NC-SA 4.0
 - CC BY-NC-ND 4.0
 - eða með hefðbundnum höfundarétti
 - ©
 - eða sértæku útgefendaleyfi

Rannsókn um opinn aðgang

frá árinu 2014



Sigurbjörg Jóhannesdóttir. (In.prep.). Útgáfa vísinda- og fræðigreina í opnum aðgangi. Í Sigríður Halldórsdóttir (Ritstjóri), *Handbók um aðferðafræði*. (3. útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfan. Áætluð útgáfa 2020.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir. (2015). Opinn aðgangur að rannsóknum: tækifæri og áskoranir fyrir háskólasamfélagið á Íslandi. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/23144>

Stefna Háskólans í Reykjavík um opinn aðgang. (2014). Sótt af https://www.ru.is/media/hr/skjol/OA_stefna_HR_13_nov_2014.pdf. Með stefnunni fylgdi **framkvæmdaáætlun** og **ákvörðunartré** fyrir fræðimenn.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir. (2014). *Opinn aðgangur í Háskólanum í Reykjavík: Niðurstöður rannsókna á viðhorfum akademískra starfsmanna til opins aðgangs*. Reykjavík: Háskólinn í Reykjavík.





Markmið rannsókna

- Greina hvort að þau tímarit sem birta fræðigreinar íslenskra fræðimanna leyfi sjálfsvarðveislu þeirra (þ.e. hvort að fræðimenn, sem birta greinar í áskriftartímaritum, geti jafnhliða þeirri útgáfu birt greinarnar sínar í varðveislusafni/á Internetinu eftir grænu leiðinni) í ókeypis- eða opnum aðgangi
- Hvaða hindranir íslenskir vísindamenn upplifa varðandi birtingar í opnum aðgangi





Rannsóknarspurningarnar

- Eru íslenskir fræðimenn að nýta sér reglur fræðitímarita varðandi sjálfsvarðveislu greina?
- Hverjir eru helstu þröskuldar fyrir birtingu fræðigreina í opnum aðgangi?

Aðferðir í rannsókninni


- Spurningakönnun
- Viðtöl
- Greining á reglum tímarita sem birtu fræðigreinar eftir Íslendinga



Þátttakendur í rannsókninni

- Tekin voru viðtöl við fimm sérfræðinga í opnum aðgangi
- 62 akademískir starfsmenn (58,5% af 106) við Háskólann í Reykjavík (HR) svöruðu spurningakönnun árið 2014
- 160 útgefnafræðigreinar eftir 57 akademíska starfsmenn HR sem voru gefnar út í nafni skólans árið 2013

Þátttakendur eftir deildum



Hlutfall þátttakanda af heildarfjölda deilda

Lagadeild 4 af 13 (31%)
Tækni- og verkfræðideild 27 af 48 (56%)
Tölvunarfræðideild 16 af 21 (76%)
Viðskiptadeild 14 af 22 (64%)

Kynjaskipting

Karlar 49 (79%) og konur 13 (21%) = og í þýði (78%/22%)

Niðurstöður

úr spurningakönnuninni








51%

segjast hafa kynnt sér útgáfu fræðigreina í opnum aðgangi


70% (42 af 60) segja að þeim
finnist að fræðimenn eigi að
birta rannsóknarniðurstöður í
opnum aðgangi



39% fræðimanna segja að þeir leitist við að birta fræðigreinar sínar í tímaritum sem leyfa opinn aðgang




39% (23) þátttakenda í rannsókninni leitast við að birta niðurstöður sínar í tímaritum sem leyfa opinn aðgang. 61% (36) gera það ekki [N=59].




Þegar hlutfall innan deildanna er skoðað kemur í ljós að 56% starfsmanna Tölvunarfræðideildar leitast við að birta niðurstöður rannsókna í tímaritum sem leyfa opinn aðgang. 44% í Tækni- og verkfræðideild, 25% í Lagadeild og 15% í Viðskiptadeild.

3% segjast birta allar fræðigreinar í opnum aðgangi



3% (2) akademískra starfsmanna HR segjast birta allar niðurstöður rannsókna sinna í opnum aðgangi. 68% (40) akademískra starfsmanna segjast birta niðurstöður rannsókna stundum í opnum aðgangi. 29% (17) segja að þeir birti aldrei niðurstöður sínar í opnum aðgangi [N=59].

Hvaða leiðir fræðimenn segjast nota til að tryggja aðgang að útgefnum fræðigreinum sínum



Niðurstöður

úr greiningu á birtingum





Publisher copyright policies & self-archiving


Notað til að greina 160 fræðigreinar eftir 57 akademíska starfsmenn Háskólans í Reykjavík árið 2013, sem voru gefnar út í 128 tímaritum, þar af 110 í ISI tímaritum og níu í fimm íslenskum tímaritum (einnig heimasíður útgefenda/tímarita)

<http://sherpa.ac.uk/romeo/index.php>

RoMEO colour	Archiving policy	Publishers	%
green	Can archive pre-print and post-print	1064	42
blue	Can archive post-print (ie final draft post-refereeing)	844	33
yellow	Can archive pre-print (ie pre-refereeing)	182	7
white	Archiving not formally supported	472	18

82% útgefenda sem eru listaðir leyfa einhverja tegund sjálfsvorðveisl

2562 útgefendur – Yfir 22.000 tímarit



Allir höfundar ættu að venja sig á að velja tímarit til að birta greinar hjá eftir að hafa flett því upp í þessum gagnagrunni.... ef er með grænan eða bláan lit er það rétt tímarit.... ef með hvítum lit... finna annað!

Eitt íslenskt tímarit skráð í gagnagrunninn, Samtíð, sem er ekki lengur gefið út

One publisher found when searched for: Country: Iceland

Publisher:	Bifröst Journal of Social Science , Iceland
Journals:	1 journal - involving 1 other organisation
RoMEO:	This is a RoMEO green publisher
Copyright:	Policy
Updated:	20-Oct-2009

☒ journals ☒ articles[\[Advanced Search\]](#)

13,936 Journals

10,993 searchable at Article
level

130 Countries


4,429,879 Articles

<https://doaj.org>

Browse, search, and explore journals indexed in the *Web of Science*


The *Master Journal List* is an invaluable tool to help you to find the right journal for your needs across multiple indices hosted on the *Web of Science* platform. Spanning all disciplines and regions, *Web of Science Core Collection* is at the heart of the *Web of Science* platform. Curated with care by an expert team of in-house editors, *Web of Science Core Collection* includes only journals that demonstrate high levels of editorial rigor and best practice. As well as the *Web of Science Core Collection*, you can search across the following specialty collections: *Biological Abstracts*, *BIOSIS Previews*, *Zoological Record*, and *Current Contents Connect*, as well as the *Chemical Information* products.

Miðað við val tímarita sem birtu greinar í, þá áttu höfundar val um að birta 135 þeirra í opnum aðgangi í rafrænni útgáfu tímaritanna




N=160

Möguleiki á birtingu greina í opnum aðgangi í sjálfsvarðveislu (**grænu leiðinni**) samkvæmt reglum tímaritanna sem birtu greinarnar



Á árinu 2013, hefði verið hægt að birta í grænu leiðinni, **94%** (137 af 146) eina eða fleiri útgáfur af útgefnum fræðigreinum, samhliða útgáfu eða með birtingartöf í opnum aðgangi í varðveislusöfnum. Tókst ekki að fá upplýsingar um OA reglur útgefenda fyrir 14 greinar (7 í erlendum ISI tímaritum og 9 í íslenskum tímaritum) sem voru því ekki hafðar með.

Hvaða útgáfur hefði mátt birta í **grænu leiðinni** samkvæmt reglum útgefenda



- **Pre-Print** = Óritrýnt handrit sem búið er að samþykkja til útgáfu
- **Post-Print** = Útgefin greinin sem búið er að ritrýna í uppsetningu höfundar
- **Published Version** = PDF af útgefinni grein sem er með umbrotið/hönnunina úr tímaritinu

Ef þú gefur út grein í ISI-tímariti eru hærrí hlutfallslíkur á að þú getir birt hana skv. **grænu leiðinni**

- 98% (127 af 129) greinanna sem voru birtar í ISI tímaritum hafa reglur um að höfundar geti birt greinarnar sjálfir á Internetinu (ef ákveðnir skilmálar eru uppfylltir)
 - 91% (117) sem pre-print
 - 96% (124) sem post-print
 - 21% (27) sem publisher-version
- 59% (10 af 17) greinanna sem voru birtar í öðrum tímaritum en ISI voru með sambærilegar reglur um sjálfsvaðveislu

- Það er jákvæð meðalsterk fylgni sem er marktæk á milli þess að gefa út fræðigrein í ISI tímariti og að geta birt hana í opnum aðgangi í varðveislusafni. [$r_s=(160)=0,528$, $p=0,000$]. Skýrð dreifing er 29%.
- Það er jákvæð meðalsterk fylgni sem er marktæk á milli þess að gefa út fræðigrein í ISI og að geta birt hana ritrýnda (*e. post-print*) í opnum aðgangi í varðveislusafni [$r_s=(160)=0,436$, $p=0,000$]. Skýrð dreifing er 20%.

Hlutfall greina sem hefði mátt birta á mismunandi miðlum í ókeypis- eða opnum aðgangi samkvæmt reglum tímaritanna sem gáfu greinarnar út

Hvar höfundar mega birta í opnum aðgangi	Óritrýnt handrit (e. pre-print)	Ritrýnd grein (e. post-print)	Pdf af útgefinni grein (e. published version)
Á persónulega heimasíðu höfundar	72%	47%	12%
Á vefsíðu stofnunar sem höfundur vinnur hjá	38%	50%	9%
Á hvaða vefsíðu sem er	27%		
Í varðveislusafni stofnunar sem höfundur vinnur hjá	72%	73%	12%
Í opið varðveislusafn	44%	23%	
Í fagbundið varðveislusafn		22%	
Á "e-server"		4%	
Í forprentagrunn	3%		
Í varðveislusafn arXiv	17%	3%	
Í varðveislusafn PubMed Central		7%	1%



Hvaða hindranir íslenskir vísindamenn upplifa varðandi birtingar á fræðiefni í opnum aðgangi

- Mikill kostnaður við að birta greinar í opnum aðgangi
- Telur ekkert í matskerfi háskólans
- Góð tímarit leyfa ekki opinn aðgang
- Gæði opinna tímarita eru slæm
- Það vantar opin tímarit á ákveðnum fræðasviðum
- Ekki meðvituð um að birta í opnum aðgangi
- Þekkingarleysi á opnum aðgangi
- Erfitt að átta sig á reglum útgefenda um opinn aðgang
- Menningin varðandi útgáfu vísindagreina
- Vísindasamfélagið notar lokuð tímarit



Opin rannsóknarmenning

- Alþjóðlega umræðan um opinn aðgang hefur þróast út í að við þurfum að skapa rannsóknarmenningu þar sem opið efni er sjálfgengið.
- Þarf að ríkja jöfnuður á milli ólíkra rannsóknarkerfa og að menningin okkar sé þannig að hún styðji við að allt efni sé jafn mikið opið. Ekki bara niðurstöður rannsókna, líka gögnin.
- [Plan S](#) sem kom fram árið 2018 og stutt af cOAlition S, spyr hvort að við viljum viðhalda núverandi útgáfukerfi eða búa til nýtt kerfi sem er rekið af og fókusað á þarfir hins akademíska samfélags.
- Opinn aðgangur er ekki viðskiptamódel og við þurfum að hætta að fara með hann sem slíkan.
- Frá árinu 2021 verður þess krafist að allar niðurstöður rannsókna sem er greitt fyrir af almenningsfé verði birtar í opnum tímaritum eða opnum miðlum.

Hvað getum við gert á Íslandi?

Til að opin rannsóknarmenning nái að verða til þarf að koma til öflugur hvati og stuðningur frá stjórnvöldum

- Það þarf stefnu frá stjórnvöldum
- Stofnanir þurfa að uppfæra sínar stefnur eða búa til nýjar og það þarf að framfylgja þeim
- Þarf að setja inn hvata í matskerfi stofnana/háskóla
- Þjóða höfundum upp á að varðveislusafn/gagnasafn þar sem geta sett inn allar afurðir tengdar rannsóknum og valið það afnotaleyfi sem þeir vilja nota / geta notað
 - vísindagreinar, fræðslugreinar, dagblaðagreinar, podcast, video, stór gagnasöfn, annað
- Það þarf að fræða vísindamenn og almenning um opna rannsóknarmenningu, kveða niður drauga og þjóðsögur sem eiga sér ekki stoð í raunveruleikanum. Þurfum að vita fyrir hvað hugtökin standa svo við séum að tala sama tungumálið
- Meiri umræðu og fleiri rannsóknir um opinn aðgang!!! Ætlum við að taka þátt í því með alþjóðasamfélaginu að móta og taka þátt í að hanna opna rannsóknarmenningu eða ætlum við að sitja eftir?



<https://www.slideshare.net/sibba/>

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

- kennsluráðgjafi í Kennslumiðstöð Háskóla Íslands (HÍ)
- stundakennari á Félagsvísinda- og Menntavísindasviði HÍ
- doktorsnemi

Netfang: sigurbjorg@hi.is

Sími: 525-4966